



Sam Avant spilar á Vinlandsbar á Hótel Loftleidum og segir frá „pöbbum“ í Englandi.

Enskur „pöbbykynnir“ á Loftleidum

SAM AVANT, heitir Englendingur sem hefur það fyrir starfa að spila á píanó í enskum „pöbbum“ í London. Hann er nú staddur hér á landi á vegum bresku ferðaskrifstofunnar sem hann vinnur einnig hjá við að kynna Bretland og „pöbbykynnir“ Englendinga og ferðast hann víða um heim í þeim tilgangi. Hann hefur komið hingað áður, fyrir einu og hálfu ári síðan.

Hann kom hingað á miðvikudag og spilar fyrir gesti á Hótel Loftleidum en að sögn Emils Guðmundssonar hóteltjóra spilar Sam á hverju kvöldi á Vinlandsbar en þar verður leitast við að ná upp bresku „pöbby“-stemningu. Sam spilar á píanó og sýndar eru myndir frá London auk þess sem hann segir frá borginni og börnunum þar. Þá er til reiðu bjór, íslenskur að visu.

Sam Avant fer aftur út á fimmtudaginn og heldur til Englands en þaðan er ferð hans heitið til Nýja-Sjálands. Hann hefur farið víða, t.d. til Júgóslavíu, Japan, Ástralíu, Frakklands og annarra landa.

Dvalarheimilið Ás Hveragerði:

Sölusýning að Bröttuhlíð 20

Hveragerði, 5. nóvember. DVALARHEIMILIÐ Ás í Hveragerði verður með sölusýningu á morgun, sunnudag, og hefst hún kl. 14.00 að Bröttuhlíð 20. Þar gefst fólki kostur á að skoða og kaupa framleiðslu vistfólksins, sem er á aldrinum 26 til 95 ára.

Þarna eru á boðstólum margskonar þrjónles, s.s. góðir vettlingar, sokkar, húfur, treflar, sjól, vesti og lopapeysur. Þá eru hekladír dúkar, veggmyndir, púðar,

jóladagatöl, brúðuföt, málverk, rýa- og smyrnamottur og smátteppi, og margt fleira sem of langt yrði upp að telja.

Dagleg sala á framleiðslu vistfólksins er fimm daga vikunnar frá kl. 13.30 til 17.00 og gera þar margir góð kaup því verði er stillt í hóf. Frú Unnur Benediktsdóttir hefur umsjón með föndurtímum og segir hún að fólkið vinni mikið og sýni mikinn dugnað og vinnugleði. Sigrún.



Nokkrir munanna á sýningunni.


Handavinnusala í Hrafnistu



VISTFÓLKID á Hrafnistu heldur sína árlegu handavinnusölu næstkomandi laugardag 7. nóvember frá kl. 14.00.

Að vanda er þar margt góðra muna, hlýr þrjónafatnaður til vetrarins, jóladúkar og fleira til jólagjafa svo eitthvað sé nefnt.

Nýlega voru gerðar breytingar og endurbætur á húsnæði fyrir handavinnukennslu og samkomuhald og verður sölusýningin á laugardaginn í nýja föndursalnum á 3ju hæð Hrafnistu.



Mynd þessi var tekin á vígsludag Hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi í maí sl. Ljósmynd Mbl. Kristján.

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi:

Síðasta baukasöfnunin í dag

FJÓRÐA og síðasta allsherjarsöfnun bauka vegna byggingar Hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi verður framkvæmd í dag, laugardaginn 7. nóvember. Sjálfbodaliðar úr Menntaskólanum í Kópavogi og aðildarfélagunum sem að byggingunni standa munu heimsækja öll heimili í bænum og taka við söfnunarbaukum, en nýir baukar verða ekki afhentir að þessu sinni. Var í upphafi áætlað að söfnun þyrfti að standa yfir í tvö ár og eru þau nú liðin.

Hjúkrunarheimilið er nú fullreist og unnið er um þessar mundir af kappi við innréttingar og frágang. Er ráðgert að taka heimilið í notkun á fyrsta fjórðungi næsta árs.

Alls hefur nú verið byggt fyrir um níu milljónir króna og hefur

almennt söfnunarfé borðið hita og þunga framkvæmdanna frá upphafi. Í fréttabréfi frá stjórn Hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi segir að samstæða bæjarbúa um þetta átak ásamt miklum áhuga og velvilja fólks víða um land, hafi gert drauminn um byggingu Hjúkrunarheimilisins að veruleika og að vonast sé til þess að samheldnin í Kópavogi nú á lokaspenninum verði jafn góð og verið hefur til þessa.

Þar sem nokkur brögð munu að því að baukar séu ekki til staðar á heimilum í Kópavogi mun söfnunarfólkið bjóða fólki sérstök viðurkenningarskjöl fyrir fimmtíu króna styrktarframlag. Verða slík skjöl einnig fánleg á skrifstofu Hjúkrunarheimilisins þar til heimilið verður að fullu frágengið.

Samtök áhugamanna um fjölmiðlarannsóknir:


Halda ráðstefnu um myndbandabyltinguna

SAMTÖK áhugamanna um fjölmiðlarannsóknir efna til fræðslufundar um myndbandabyltinguna að Kjarvalsstöðum í dag og hefst hún kl. 14.00. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Myndbandabyltingin, félagsleg mengun eða þjóðþrif“. Fimm menn hafa framsögu á ráðstefnunni og eru þeir Andrés Björnsson, útvarpsstjóri, sem ræðir um afstöðu ríkisútvarpsins til myndbandabyltingarinnar, Sigurður Línal, pró-

fessor, sem ræðir um hina lagalegu hlíð málsins, Njáll Hardarson, annar eigandi fyrirtækisins Videoton hf., sem gerir grein fyrir afstöðu og áformum fyrirtækisins, Þorbjörn Björnsson, sem ræðir byltinguna út frá félagsfræðilegu sjónarhorni og Haukur Ingbergsson, en hann kemur frá SÍS og talar um notkun myndbanda í fræðsluskyni og úti í atvinnulífinu.


Félagið „Samtök áhugamanna um fjölmiðlarannsóknir“ var stofnað sl. sumar og er það opið öllum að sögn sr. Bernharðs Guðmundssonar, fréttafulltrúa kirkjunnar, sem er formaður félagsins. Á stofnfundi félagsins voru 12 menn en að sögn sr. Bernharðs hefur félagsmönnum fjölgað ört undanfarið. Stjórn félagsins skipa: sr. Bernharður Guðmundsson, Þorbjörn Broddason lektor og Hallgrímur Thorsteinsson fréttamaður.

Ráðstefna þessi um myndbandabyltinguna er fyrsta verkefni félagsins en áformað er að halda reglubundna fundi í vetur þar sem kynntar verða rannsóknir og efnt til umræða um fjölmiðlamál. Sagði sr. Bernharður að tilgangur félagsins væri að vekja fólk til umhugsunar um áhrif fjölmiðla á mannlegt líf og efla rannsóknir á því sviði.



Þórður Ben sýnir að Kjarvalsstöðum

ÞÓRÐUR BEN hefur opnað sýningu að Kjarvalsstöðum og fjallar hún um skipulag Reykjavíkurborgar. Eru á sýningunni arkitektúrteikningar ýmsar sem lýsa hugmyndum Þórðar á þessu sviði. Þá eru og á sýningunni þrjú myndlistarverk. Teikningarnar eru til sölu.



Þau mistök urðu í blaðinu í gær, að með umsögn Braga Ásgeirssonar um myndlistarsýningu Arnar Inga birtist mynd frá eldri sýningu. Hér birtist mynd frá sýningu listamannsins, sem stendur yfir að Kjarvalsstöðum.

BINGÓ

BINGÓ

Á morgun kl. 3, sunnudag, verður BINGÓ á HÓTEL BORG. Stórgóðir vinningar. Flugferðir, reiðhjól, húsgögn, matarkarfa og margt, margt fleira. Nú mæta allir.

Kvennadeild Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík.